



Greinargerð B-hluta fyrirtækja

Við framlagningu árshlutareiknings
Reykjavíkurborgar janúar – júní 2024

Lagt fram í borgarráði
5. september 2024

Efnisyfirlit

B-hluti	2
Faxaflóahafnir	2
Félagsbústaðir	8
Orkuveita Reykjavíkur	13
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.	20
SORPA bs.	24
Strætó.....	29
Viðauki: Nánar um B-hluta fyrirtæki	34

B-hluti

Í eftirfarandi greinargerð er fjallað um rekstrarniðurstaðu og árangur einstakra fyrirtækja í B-hluta samstæðuuppgjors Reykjavíkurborgar.

Vert er að benda á að lykiltölur fyrirtækja eru ekki fullkomlega samanburðarhæfar vegna mismunandi rekstrarforma fyrirtækjanna.

Faxaflóahafnir


Rekstrarniðurstaða

Faxaflóahafnir sf. [m.kr.]	Raun 2024 06	Áætlun	Frávik	%	Raun 2023 06	Breyting	%
Rekstrartekjur	2.701	2.428	273	11,3%	2.327	375	16,1%
Rekstrargjöld	-1.969	-1.702	-267	15,7%	-1.697	-272	16,1%
EBITDA	732	726	6	0,8%	630	102	16,3%
Afskriftir	-447	-430	-18	4,1%	-460	12	2,7%
EBIT	285	297	-12	-4,0%	170	115	67,5%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	144	65	79	120,8%	91	53	57,8%
Óreglulegir liðir (Sala eigna)	39	0	39	n/a	420	-381	n/a
Rekstrarniðurstaða	469	362	107	22,7%	682	-213	-31,2%

Rekstrarniðurstaða fyrstu sex mánuði ársins var 213 m.kr. lægri en á sama tímabili árið áður. Þar munar mest um úthlutun á Kleppsspítalalóð árið 2023 til Reykjavíkurborgar en söluhagnaðurinn nam 420 m.kr. Tekjur á tímabilinu voru 375 m.kr. hærrí en árið áður eða 16,1%. Áætlun gerði ráð fyrir 2.428 m.kr. og er niðurstaða tímabilsins því 273 m.kr. hærrí en gert var ráð fyrir. Rekstrargjöld hækka um 16,1% milli ára og eru 1.969 m.kr. eða 267 m.kr. hærrí en árið áður. Áætlun fyrir tímabilið gerði ráð fyrir 1.702 m.kr. og eru gjöldin 15,7% hærrí en áætlun gerði ráð fyrir. Afskriftir eru 12 m.kr. lægri en fyrir sama tíma fyrra ár. Afskriftirnar eru aðeins yfir áætlun tímabilsins samtals 18 m.kr. eða 4,1%. Vaxtatekjur að frádregnum fjármagnskostnaði námu 144 m.kr. á tímabilinu en voru 91 m.kr. árið áður. Á tímabilinu var lóð á Grundartanga úthlutað 33 m.kr. og einnig seldir bílar sem voru að mestu afskrifaðir

Þegar horft er til EBITDA hlutfalls er það nokkuð í takt við áætlun og svipað og árið áður. Áskoranir ársins felast því meðal annars í að halda þétt utan um rekstrarkostnað og ná hagkvæmum samningum við birgja samhlíða auknum tekjum af farþegaskipum.

Á árinu er hluti af markmiðum fjármáladeildar að yfirfara og þekkja samninga félagsins, staðfesta réttmæti og rýna fastan kostnað.



	2024		2023		Breyting	2024		2023		Breyting	2024		2023		Breyting	2024		2023		Breyting								
	Hafnarþjónusta		Hafnarvirki			Eignaleiga		Stjórnun & Framkv.			Samtals		Samtals															
Rekstrartekjur	753	603	1.312	1.196	9.7%	636	527	0	0	n/a	2.701	2.327	16.1%	753	603	24.9%	1.312	1.196	9.7%	636	527	20.6%	0	0	n/a	2.701	2.327	16.1%
Laun og starfsmannatengd gjöld	-472	-370	-177	-198	-10.7%	-30	-64	-218	-185	17.6%	-897	-817	9.9%	-472	-370	27.6%	-177	-198	-10.7%	-30	-64	-52.1%	-218	-185	17.6%	-897	-817	9.9%
Rekstrarkostnaður	-258	-278	-296	-127	133.6%	-238	-193	-96	-88	9.2%	-889	-686	29.6%	-258	-278	-7.1%	-296	-127	133.6%	-238	-193	23.6%	-96	-88	9.2%	-889	-686	29.6%
Stjórnunarkostnaður	-71	-84	-12	-9	25.2%	-2	-6	-98	-94	4.2%	-183	-194	-5.5%	-71	-84	-15.4%	-12	-9	25.2%	-2	-6	-62.8%	-98	-94	4.2%	-183	-194	-5.5%
Hlutdeild í stjórnunarkostnaði	-123	-110	-165	-147	45.0%	-123	-110	-412	-367	12.2%	-1.969	-1.696	16.1%	-123	-110	9.5%	-165	-147	45.0%	-123	-110	3.2%	-412	-367	12.2%	-1.969	-1.696	16.1%
EBITDA:	-173	-240	663	715	-7.3%	242	155	0	0	n/a	732	630	16.1%	-173	-240	-28.0%	663	715	-7.3%	242	155	56.2%	0	0	n/a	732	630	16.1%

Tekjur hafnarþjónustu hækkuðu um 24,9% milli ára, helsta ástæða er aukin þjónusta við farþegaskip. Laun hækkuðu um 27,6% milli ára en rekstrarkostnaður lækkaði um 7,1%, helsta ástæða er að í lok árs 2023 var keypt olía á dráttarbatana og því lítill olíukostnaður í byrjun árs.

Tekjur af hafnarvirkjum hækkuðu um 9,7% á milli ára. Laun lækkuðu um 11% og rekstrargjöld jukust vegna fleiri fjárfrekra viðhaldsverkefna en á fyrra ári.

Tekjur af eignaleigu hækkuðu um 20,6% á milli ára. Lóðaleigutekjur jukust m.a. vegna úthlutunar á skammtímasvæðum auk leigutekna af Kleppsspítalalóð. Laun voru 31m.kr. lægri en á sama tíma í fyrra Rekstrarkostnaður jókst um 23,6% milli ára, sem rekja má til stórra rekstrarverkefna á tímabilinu.


Launakostnaður stjórnunar og framkvæmdasviðs hækkaði um 17,6% en rekstrarkostnaður hækkaði um 9,2%. Beinn stjórnunarkostnaður lækkaði um 5,5% á milli tímabila.

Rekstrartekjur

Faxafloahafnir sf. [m.kr.]	Raun 2020 06	Raun 2021 06	Raun 2022 06	Raun 2023 06	Raun 2024 06
Vörugjöld	592	683	730	634	778
Aflagjöld	62	62	161	115	109
Skipagjöld	131	202	302	348	375
Farþegagjald	0	0	0	35	48
Eignatekjur	509	530	561	588	636
Hafnarþjónusta	191	258	413	436	517
Siglingavernd	114	119	178	170	239
Tekjur samtals	1,599	1,854	2,346	2,327	2,701


Rekstrartekjur tímabilsins jukust um 273 m.kr. á milli tímabila. Allir tekjuliðir hækkuðu milli ára nema aflagjöld en þar var lítils háttar lækkun eða 6 m.kr.. Aðeins færri flutningaskip komu til hafnar en árið áður eða 300 skipakomur miðað við 307 á sama tíma í fyrra. Þrátt fyrir það var aukning í vöruflutningum um 144 m.kr. Sami fjöldi farþegaskipa komu til hafnar og aukinn fjöldi farþega í farþegaskiptum miðað við árið áður. Siglingavernd er reiknuð stærð af vörugjöldum og farþegakomum og fylgir sú tekjuaukning ofangreindum liðum ásamt áhrifa af uppfærslum gjaldskrár varðandi skimunarþjónustu. Úthlutun á lóð á Grundartanga 33 m.kr. var tekjufærð á tímabilinu.

Hlutfall á milli rekstrartekjuflokka á tímabilinu [m.kr.]



Þegar horft er til hlutfallsskiptingar tekna, eru vörugjöld áfram stærsti einstaki liður tekna en eignatekjur koma þar fast á eftir. Á myndinni hér fyrir neðan sést þróun rekstrartekna eftir tekjuflokkum.

Þróun rekstrartekna milli ára eftir flokkum




Skipa- og farþegagjöld og tekjur af hafnarþjónustu og siglingavernd


Skipagjöld og hafnarþjónusta skiluðu samanlagt 1.179 m.kr. í tekjur og voru 190 m.kr. hærri en fyrir sama tímabil árið áður.

Eins og greinir hér að ofan var umferð flutningaskipa svipuð og árið áður og töliverð aukning í vöruflutningum. Þó komum farþegaskipa hafi ekki fjölgað á tímabilinu, þá er töliverð aukning í farþegaskiptum og tekjum í tengdri þjónustu við skipin. Flutningaskip eru þó áfram langstærsti tekjuliðurinn þegar horft er til flokkunar eftir tegundum skipa.

Komur eftir tegundum skipa



Tekjur eftir tegundum skipa



Eignatekjur og aðrar tekjur

Leigutekjur af lóðum og fasteignum sem jafnframt mynda stofn eignatekna hækka milli tímabila og skýrist það af hækkun á fasteignamati lóða sem notað er við útreikninga lóðaleigu sem og hækkunar á BVT sem notuð er við útreikninga húsaleigu. Að auki var úthlutun á nýrri lóð sem nú er komin í leigu auk aukningar í skammtímaleigusamningum hjá félaginu. Flestar eignir félagsins eru í langtímaútleigu.

Rekstrargjöld

Rekstrargjöld Faxaflóahafna sf. fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2024 voru 1.969 m.kr., er það 272 m.kr. hækkun frá fyrra ári. Útgjöldin ráðast hins vegar ekki eingöngu af verðlagi heldur einnig sértækum viðhaldsverkefnum sem falla undir rekstur og geta verið mismunandi á milli ára. Laun hækkuðu um 80 m.kr. miðað við fyrra ár og rekstrarkostnaður hækkaði um 100 m.kr. en nokkuð var um fjárfrek viðhaldsverkefni á tímabilinu. Stjórnunarkostnaður lækkaði lítið eitt á milli tímabilanna.

Faxaflóahafnir sf. [m.kr.]	Raun 2020 06	Raun 2021 06	Raun 2022 06	Raun 2023 06	Raun 2024 06
Laun og tengd gjöld				817	897
Rekstrarkostnaður				686	889
Stjórnun				194	183
Gjöld samtals	1,267	1,108	1,389	1,697	1,969

Helstu viðhaldsverkefni á tímabilinu eru eftirfarandi (m.kr.):

- Farþegaaðstaða á Skarfabakka **67**
Farið var tímalega í að koma upp farþegaaðstöðu, sérstaklega þar sem byggingaframkvæmdir eru á svæðinu. Því þarf að skipuleggja vel fyrir sumarið.
- Endurbætur á Viðeyjarferju **30**
Ráðist var í endurbætur á landgöngum fyrir Viðeyjarferju, m.a. að bæta aðgengi fatlaðra
- Viðgerð á Tangabakka **18**
Þessari viðgerð er ekki enn lokið. Auk þess hefur verið unnið að því að setja upp fórnarsink á þilið sem hamla tæringu. Viðgerðin er á lokastigi
- Viðgerð á Miðbakka **10**
Í vetur hefur verið unnið að þilviðgerðum á Miðbakka. (komið hafa í ljós göt á stálþilinu). Auk þess hefur verið unnið að því að setja upp fórnarsink á þilið sem hamla tæringu á þilinu. Viðgerðin er á lokastigi
- Viðhald á hafnarbökkum **90**
Almennt viðhald á hafnarbökkum, mest vinna er tengd Skarfabakka og Batabryggju Akranesi
- Viðhald á húseignum **20**
Almennt viðhald á húseignum, mest vinna er tengd þjónustumiðstöðvum félagsins og Hafnarvernd á Grundartanga
- Búnaður og tæki **52**
Endurnýjanir á fenderum, öryggisbúnaði o.fl.. auk viðhalds á landgöngum
- Snjöhreinsun og hálkueyðing **43**
Kostnaður aðallega vegna fyrsta ársfjórðungs

Launakostnaður


Faxaflóahafnir sf. [m.kr.] Greidd laun á tímabilinu	Raun 2024_06	Raun 2023_06	Breyting milli ára	Breyting í % milli ára	Fjöldi stöðugilda 2024_06	Fjöldi stöðugilda 2023_06	Breyting milli ára	Breyting í % milli ára
Hliðgæsla	43	38	5	14.5%	5	5	0	0.0%
Bækistöð	141	127	14	10.7%	17	17	0	0.0%
Húseignir	13	15	-2	-13.3%	2	2	0	0.0%
Skipaleiðsögn	133	143	-10	-7.0%	13	15	-2	-13.3%
Hafnsögubátar	224	209	14	6.8%	20	20	0	0.0%
Hafnarþjónusta	136	102	34	33.8%	11	9	2	22.2%
Hafnarstjórn	14	12	2	19.3%	7	7	0	0.0%
Skrifstofa	182	152	30	20.0%	20	19	1	5.3%
Laun samtals	886	798	88	11.1%	95	94	1	1.1%

Heildarlaunakostnaður hækkaði úr 798 m.kr. í 886 m.kr., samtals 88 m.kr. milli ára eða 11,1%. Farið var tímanlega í ráðningar vegna farþegaskipa. Einnig halda Faxaflóahafnir úti sólarhringsvöktum í hafnarþjónustu og hafnargæslu á Grundartanga. Launakostnaður er einn meginútgjaldaliður félagsins.

Helstu ástæður launahækkunar milli tímabila eru:

- Kjarasamningar runnu út í lok september 2023. Þá var gert samkomulag um framlengingu á launalið kjarasamninga út apríl 2024 gegn 3,5% hækkun á grunnlaunaflokka allra launþega sem tók gildi frá 1. október 2023.
- Launþegum á launaskrá þessi tímabil fjölgaði um 1 en á tímabilinu voru fleiri starfsmenn starfandi (allt upp í 99) en var um að ræða uppgjör gagnvart 3-4 aðilum.
- Fjölgað var í hafnarþjónustu sem tengist undirbúningi fyrir vertíð skemmtiferðaskipa.
- Aukning varð í launum í bækistöð sem tengist aðallega undirbúningi fyrir vertíð skemmtiferðaskipa.
- Fjölgað var um eitt stöðugildi á skrifstofu félagsins og var breyting á milli skipaleiðsagnar og hafnarþjónustu um tvö stöðugildi.
- Hafnarstjóri endurskoðaði laun milli-stjórnenda í framhaldi af áliti og niðurstöðu starfskjaranefndar sem sett var á laggirnar af stjórn Faxaflóahafna. Sú hækkun kom til frá 1 júlí 2023.
- Laun millifærast á milli sviða sbr. verkskráningar starfsmanna í deildaruppgjöri.

brún launa milli ára



Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Tekjur af fjármagnsliðum námu 144 m.kr. Hagnaður fyrir fjármunaliði var sem fyrr segir 285 m.kr. en að teknu tilliti til fjármunaliða og óreglulegra liða að fjárhæð 39 m.kr. nam rekstrarafgangur tímabilsins 362 m.kr. og er þar innifalin sala bifreiða auk úthlutun á lóð á Grundartanga.

Efnahagur

Efnahagur (m.kr.)	Milliuppgjör 06 2024	Ársreikn 2023	Breyting	%	Ársreikn 2022	Ársreikn 2021	Ársreikn 2020
Fastafjármunir	14,643	14,283	361	2.5%	13,822	13,836	14,439
Veltufjármunir án handb.fjár	842	349	493	141.2%	1,322	428	437
Handbært fé	3,817	4,051	-234	-5.8%	3,685	1,909	565
Eignir samtals	19,302	18,683	620	3.3%	18,830	16,173	15,441
Eigið fé	18,591	18,123	469	2.6%	18,232	15,625	14,876
Langtímaskuldir	0	0	0		0	0	0
Næsta árs afborganir langt. skulda	0	0	0		0	0	0
Skammtímaskuldir án næsta árs afb.	711	560	151	27.0%	598	548	565
Skuldir samtals	711	560	151	27.0%	598	548	565
Skuldir og eigið fé samtals	19,302	18,683	620	3.3%	18,830	16,173	15,441

Heildareignir félagsins námu 19.302 m.kr. og hækkuðu þær um 3,3% á árinu.

- Fastafjármunir voru þar af samtals 14.643 m.kr. og hækka frá áramótum um 361 m.kr. eða 2,5%

- Veltufjármunir námu samtals 842 m.kr. og hækka frá áramótum um 493 m.kr.

Yfir sumarið er mikil umferð skemmtiferðaskipa og því stærrí fjárhæðir sem standa úti vegna þeirra

Vaxtatekjur eru einnig reiknuð stærð og verða greiddar í lok árs.


- Handbært fé lækkar um 234 m.kr. á tímabilinu eða 5,8%

Eigið fé er samtals 18.591 m.kr. og hækkar á tímabilinu um 469 m.kr.

Heildarskuldir námu 711 m.kr. og langtímaskuldir eru engar.

Yfir sumarmánuðina er mikið um fjárfreka verktakavinnu og annað sem snýr að þjónustu við skemmtiferðaskipin.

Sjóðstreymi janúar til -júní 2024 (m.kr.)



Veltufé frá rekstri nam 877 m.kr. og var framlegð félagsins 102 m.kr. meiri en á sama tíma árið 2023. Breyting var til lækkunar á handbæru fé frá rekstri um 308 m.kr. vegna rekstrartengdra eigna og skulda. Fjárfestingar nettó voru 802 m.kr. frá áramótum en þar af námu nýfjárfestingar 819 m.kr. Með nettó fjárfestingu er átt við fjárfestingu í varanlegum rekstrarfjármunum að frádregnum seldum rekstrarfjármunum. Handbært fé lækkaði því á tímabilinu sem nam 234 m.kr.

Fjárfestingarhreyfingar

Fjárfestingar og skipting framkvæmda eftir hafnarsvæðum [m.kr.]	06 2020	06 2021	06 2022	06 2023	06 2024
Gamla höfnin	344	13	154	257	172
Sundahöfn	141	14	151	309	445
Grundartangi	9	3	13	14	4
Akranes	4	6	4	193	72
Borgarnes	0	16	0	0	0
Annað	307	8	36	42	126
Fjárfestingar samtals	805	60	358	815	819

Fjárfestingaverkefni fóru ekki eins hratt af stað í byrjun árs og eru ástæður, m.a. seinkun á leyfisveitingum vegna framkvæmda á Skarfabakka, hliðranir milli tímabila á innkaupum vegna stórframkvæmda (stál, landtengingar o.fl.).

Helstu fjárfestingaverkefni á tímabilinu

[M.kr.]

- Farþegamiðstöð Skarfabakka	278
Undirbúningi á byggingu nýrrar farþegamiðstöðvar á Skarfabakka	
- Færsla spennustöðvar á Skarfabakka	
Færa þurfti spennistöðina á Skarfabakka og er verkið hluti af undirbúningi fyrir nýja farþegamiðstöð	
- Fjárfestingar í búnaði vegna farþegamiðstöðu	130
Keyptir voru m.a. tensatorar sem verða áframnýttir í farþegamiðstöð	
- Lenging aðalhafnargarðar á Akranesi	72
Áframhald var á framkvæmdum vegna lengingar á aðalhafnargerðinum á Akranesi	
- Endurnýjun Iagna á Austurbakka og Miðbakka	162
Endurnýja þurfti Iagnir á bökkunum og fer þeirri vinnu að ljúka	
- Landfylling á Klettagörðum	31
Unnið var að landfyllingu á Klettagörðum sem á að vera undir bílastæði	
- Endurnýjun Lýsingar	14
Unnið var að endurnýjun lýsingar á hafnarbökkum, aðallega Grundartanga	

Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** Faxaflóahafna fyrir tímabilið janúar-júní árin 2020-2024:

Faxaflóahafnir	2020_06	2021_06	2022_06	2023_06	2024_06
Eiginfjárlutfall	90,5%	96,0%	97,3%	96,3%	96,3%
Arðsemi eigin fjár*	-1,6%	4,0%	6,3%	2,7%	4,7%
Veltufjárlutfall	2,05	2,77	8,84	7,45	6,57
Langtímaskuldir/eigið fé	3,9%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Uppgreiðslutími	0,83	0,00	0,00	0,00	0,00
Veltufé frá rekstri / rekstrartekjur	25,3%	40,2%	41,3%	46,3%	32,4%
Framlegð (EBITDA)/ rekstrartekjur	20,9%	40,2%	40,8%	28,4%	27,1%

* Við útreikning þessarar kennitölu eru óreglulegar tekjur dregnar frá.

Fjármála- og áhættustýringarvið vekur athygli á:

- Hagnaður af reglulegri starfsemi (EBIT) var 285 m.kr sem var 115 m.kr. betri niðurstaða en á sama tímabili árið 2023 eða um 67,5%
- Kennitölur félagsins endurspeglar styrk félagsins. Eiginfjárlutfallið er mjög sterkt og hefur félagið getu til að standa af sér mótbyr.
- Veltufjárlutfallið er mjög sterkt 6,57 en miðað er við að það hlutfall fari ekki undir 1.
- Engin langtímalán eru á félaginu.
- Vegna uppgjors reglna um byggðarsamlög og sameignarfélög er einungis ábyrgðarhlutfall borgarinnar tekið inn í samantekinn ársreikning Reykjavíkurborgar. Meðfylgjandi tafla sýnir 75% hlut borgarinnar í rekstri Faxaflóahafna:

Hlutur Reykjavíkurborgar í rekstri Faxaflóahafna sf.	Raun 2024_06	Raun 2023_06	Breyting	%
Rekstrartekjur	2.041	1.758	283	16,1%
Rekstrargjöld	-1.488	-1.282	-206	16,1%
EBITDA	553	476	77	16,3%
EBIT	215	128	87	67,5%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	109	69	40	57,8%
Óreglulegir liðir (tekjur)	30	317	-288	0,0%
Rekstrarniðurstaða	354	515	-160	-31,2%

Ábendingar fjármála- og áhættustýringarviðs:

- Mikilvægt er að rýna fjármagnsskipan félagsins með hliðsjón af kröfum eigenda um arðsemi og eiginfjárlutfalls. Að sama skapi er mikilvægt að félagið hafi á hverjum tíma getu til að greiða eigendum sínum eðlilegan arð af því fé sem bundið er í félaginu.

Félagsbústaðir

Árs- og árshlutauppgjör Félagsbústaða eru gerð samkvæmt alþjóðlegum reikningskilastöðlum IFRS í samræmi við 90. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

Félagsbústaðir hf. (m.kr.)	Raun 2024_06	Raun 2023_06	Breyting	%
Rekstrartekjur	3.475	3.129	346	11,1%
Rekstrargjöld	-1.848	-2.054	207	-10,1%
Framlegð (EBITDA)	1.627	1.074	553	51,4%
Matsbreyting fjárfestingaeigna	1.567	579	989	170,9%
Afskrift eigna til eigin nota	-9	-9	0	-0,7%
Hrein fjármagnsgjöld	-2.831	-3.509	678	-19,3%
Rekstrarniðurstaða	355	-1.865	2.219	-119,0%

Samkvæmt 39. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga mega félög, sem eru með starfsemi á sviði fjárfestinga í fjárfestingaeignum, meta eignir og skuldbindingar sem þeim tengjast innan þessarar starfsemi til gangvirðis. Með fjárfestingaeign er átt við eign sem ætluð er til öflunar tekna, svo sem til útleigu, en ekki til notkunar í rekstri félagsins.

Rekstur

Rekstrartekjur Félagsbústaða á fyrstu 6 mánuðum 2023 námu 3.475 m.kr. og jukust um 11,1% milli ára en hækkunina má rekja til verðlagsbreytinga, betra nýtingarhlutfalls eigna ásamt fjölgunar eigna milli ára. Vísitala neysliverðs til verðtryggingar hækkaði um 3,3% á fyrstu 6 mánuðum 2024 og hefur hækkað um 6,0% sl. 12 mánuði.


Rekstrargjöld voru 1.848 m.kr. eða 207 m.kr. (-10,1%) lægri en árið áður. **Rekstur fasteigna** var 8 m.kr. (2,4%) hærrí en árið áður, **Viðhald og framkvæmdir** voru 304 m.kr. (-29,2%) lægri en árið áður og **Fasteigna og brunabótaiðgjöld** voru 50 m.kr. (13,4%) hærrí en árið áður. Allir liðir í viðhaldi og framkvæmdum taka lækkun frá fyrra ári en mesta breytingin er í standsetningum íbúða á milli leigjanda, lækkun um 160 m.kr., og viðhaldi íbúða í búsetu, lækkun um 60 m.kr. Fjöldi standsetninga á íbúðum milli leigjanda dróst saman um 13,0% milli ára, ásamt því að meðalkostnaður á hverja íbúð hefur lækkað um 14,9%. Samdráttur milli ára í viðhaldi íbúða í búsetu skýrist bæði af færri íbúðum þar sem viðhaldi í búsetu var sinnt, fækkun um 16,5% milli ára, og minni kostnaði á hverja eign, lækkun um 13,5%. Breyting í viðhaldi sameigna milli ára hefur með tímasetningar verkefna að gera en stór verkefni í fyrra voru lengra komin á þessum tímamarki. Framkvæmdagjöld húsfélaga lækkuðu milli ára en það skýrist af lægri kostnaði að jafnaði í hverju húsfélagi, en hann er að dragast saman um 27,0% á hverja eign meðan undirliggjandi eigum fjölgar lítið eða um 4,6% milli ára.

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður var 351 m.kr. á tímabilinu eða 39 m.kr. hærrí en á sama tíma í fyrra. **Launakostnaður** hækkaði um 7,4% milli tímabila vegna launahækkana. **Annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður** var 6 m.kr. hærrí en á sama tímabili árið 2023. Framlag í **afskriftarreikning viðskiptakrafna** var 27 m.kr. eða 17 m.kr. hærrí en á sama tíma í fyrra. Afskriftir viðskiptakrafna eru nokkuð sveiflukenndar en hafa verið tæplega 1% tekna undanfarin ár.

Gjöld eftir starfspáttum (í m.kr.)	Raun 2024_06	Raun 2023_06	Breyting	%
Rekstur og viðhald eignasafns				
Rekstur fasteigna	340	333	8	2,4%
Viðhald og framkvæmdir	738	1042	-304	-29,2%
Fasteigna og brunabótaiðgjöld	418	368	50	13,4%
Rekstur og viðhald eignasafns alls	1.497	1743	-246	-14,1%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður				
Laun og launatengd gjöld	249	232	17	7,4%
Annar skrifstofu og stjórnunarkostnaður	75	69	6	8,4%
Afskrifaðar tapaðar viðskiptakröfur	27	10	17	159,6%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður alls	351	312	39	12,7%
Rekstrargjöld alls:	1.848	2055	-207	-10,1%

Viðhald og framkvæmdir (í m.kr.)	Raun 2024_06	Raun 2023_06	Breyting	%
Standsetningar milli leigjenda	252	412	-160	-38,9%
Viðhald íbúða í búsetu (ófyrriséd viðhald)	156	216	-60	-27,7%
Viðhald sameigna	152	173	-21	-12,2%
Framkvæmdagjöld húsfélaga	171	224	-53	-23,6%
Annað	8	17	-10	-56,4%
Viðhald og framkvæmdir alls:	738	1.042	-304	-29,2%

Rekstrarhagnaðarhlutfall (EBITDA%) er 46,8% eða 12,5% hærra en á sama tíma í fyrra.



Efnahagur og eignasafn


Efnahagur (m.kr.)	30.6.2024	31.12.2023	Breyting	%
Fastafjármunir	160.035	157.450	2.585	1,6%
Veltufjármunir án handb.fjár	304	704	-400	-56,8%
Handbært fé	48	429	-381	-88,8%
Eignir samtals	160.387	158.583	1.805	1,1%
Eigið fé	85.504	85.149	355	0,4%
Skuldbindingar	10.825	10.507	318	3,0%
Langtímaskuldir	61.740	60.444	1.296	2,1%
Næsta árs afborganir langt. skulda	1.635	1.565	69	4,4%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb.	683	917	-233	-25,5%
Skuldir og skuldbindingar samtals	74.883	73.433	1.450	2,0%
Skuldir og eigið fé samtals	160.387	158.583	1.805	1,1%

Heildareignir félagsins námu 160.387 m.kr. við lok júní 2024 og jukust um 1,1% frá upphafi árs. Fjárfestingaeignir jukust um 1,6% eða 2.592 m.kr., fjárfest var fyrir 784 m.kr. og matsbreyting nam 1.808 m.kr. Við útreikning á verðmæti fjárfestingareigna er reiknuð út niðurfærslubörf eigna vegna samspils kvaða sem á eignunum hvíla um uppsagnarfrest á bæði tímabundnum og ótímabundnum leigusamningum og svo mismunar á markaðsleigu og þeirrar leigu sem Félagsbústaðir innheimta auk þess sem einnig er tekið tillit til sérhæfðra eigna sem mögulega þyrfti að breyta eða gefa afslátt af kæmi til sölu á almennum markaði. Niðurfærslan var metin 3.774 m.kr. við lok tímabilsins.

Eigið fé hefur hækkað um tæplega 355 m.kr. frá ársbyrjun 2024 sem skýrist af matsbreytingu fjárfestingareigna á árinu. Eiginfjárlutfall í tímabilsins er 53,3% en var 53,7% í lok árs 2023.


Félagsbústaðir festu kaup á 5 nýjum íbúðum á fyrstu 6 mánuðum ársins 2024, 1 íbúð var seld á tímabilinu.

Leiguhúsnaði, 3.112 íbúðir skipting:




- Almennt félagslegt leiguhúsnaði
- Íbúðir fyrir fatlaða
- Íbúðir fyrir aldraða
- Húsnæði fyrir heimilislausa
- Húsnæði utan kjarnastarfsemi

Sjóðstreymi



Engar lántökur voru á fyrstu 6 mánuðum ársins 2024 en félagið fékk greidd stofnframlög frá ríki og Reykjavíkurborg 66 m.kr.


Veltufé frá rekstri síðastliðin 5 ár:



Veltufé frá rekstri¹ sem hlutfall af afborgunum er vel yfir 1 fyrir fyrstu 6 mánuði ársins eftir að hafa verið 0,70 fyrir sama tímabil í fyrra. Að undanskildu árinu 2023 hefur hlutfallið haldist stöðugt yfir einum á fyrri helmingi árs frá árinu 2019. Þegar hlutfallið er yfir 1 þýðir það að veltufé frá rekstri dugi fyrir afborgunum langtímalána félagsins. Æskilegt er að þetta hlutfall sé ávallt yfir 1,0.

Fjármögnun fjárfestinga síðastliðin 5 ár:

Fjárfestingar Félagsbústaða eru fjármagnaðar með lántöku og stofnframlögum. Félagið tók lán hjá Íslandsbanka, 3.500 m.kr., undir lok árs 2023. Það sem af er ári 2024 hefur félagið ekki tekið nein langtímalán heldur fjármagnað fjárfestingar með stofnframlögum og handbæru fé.



Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** Félagsbústaða tímabilin janúar-júní árin 2020-2024 skv. gangvirðisuppgjöri:

Félagsbústaðir - gangvirðisuppgjör	2020_06	2021_06	2022_06	2023_06	2024_06	Markmið
Eiginfjárhlutfall	49,3%	51,7%	57,4%	54,0%	53,3%	
Veltufjárhlutfall	0,94	0,82	0,40	0,15	0,15	
Vaxtaþekja, EBITDA/netto vextir	1,70	2,27	2,30	1,85	2,47	1,4
Skuldaþekja, EBIT/(gr. afb.+netto vextir)	1,03	1,10	1,05	0,84	1,12	0,9
Uppgreiðslutími	52	36	40	59	32	
Veltufé frá rekstri í hlutfalli af greiddum afborg.	1,08	1,21	1,09	0,70	1,24	
Veltufé frá rekstri í hlutfalli af rekstrartekjum	19,1%	27,8%	24,9%	15,8%	28,3%	

EBIT án matsbreytingar fjárfestingareigna*

¹ Athygli er vakin á því að veltufé frá rekstri í þessari greinargerð miðast við veltufé frá rekstri skv. hefðbundinni aðferð og þeirri aðferð er beitt fyrir öll B-hlutafélögin. Í ársreikningi Félagsbústaða er í sjóðstreymi sýnt veltufé frá rekstri án greiddra vaxta.

Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Jákvæða rekstrarniðurstöðu félagsins á fyrstu 6 mánuðum 2024 og hækkun eigin fjár má meðal annars rekja til matsbreytingar fjárfestingareigna. Matsbreyting fjárfestingareigna á tímabilinu nam 1.567 m.kr. samanborið við 597 m.kr. á sama tíma í fyrra.
- Hækkun fasteignaverðs hefur jákvæð áhrif á rekstrarniðurstöðu félagsins vegna matsbreytinga en segir lítið um grunnrekstur félagsins nema að ábati af hækkun fasteignaverðs verði innleystur með sölu eigna. Til að meta stöðu grunnrekstrar er nær að horfa til veltufjár frá rekstri.
- Veltufé frá rekstri nam 981 m.kr. á fyrstu 6 mánuðum 2024 og er hærra en afborganir langtímalána á tímabilinu sem námu 789 m.kr. Afborganir lána hafa hækkað um 12,2% milli ára vegna verðbólgu og vegna þess að stór hluti lánanna er að eldast og afborgunarhluti að vaxa. Vaxta- og skuldaþekja eru yfir lágmörkum.
- Engar lántökur voru á fyrstu 6 mánuðum ársins. Stofnframlög frá ríki og borg á tímabilinu námu samtals 66 m.kr. Útistandandi krafa vegna ógreiddra stofnframlaga frá ríki stóð í 67 m.kr. við lok júní 2024.

Ábendingar Fjármála- og áhættustýringarsvið:

- Mikilvægt er að tryggja sterkt veltufé frá rekstri til að standa undir afborgunum og stuðla þannig að sjálfbærni í rekstri. Frekari fjölgun nýrra og dýrari eigna getur aukið þrýsting á hækkun leigu.


Orkuveita Reykjavíkur

Orkuveita Reykjavíkur (m.kr.)	Raun 2024 H1	Raun 2023 H1	Breyting	%
Rekstrartekjur	32.937	30.139	2.798	9,3%
Rekstrargjöld	-13.335	-12.281	-1.054	8,6%
EBITDA	19.602	17.858	1.744	9,8%
Afskriftir	-8.316	-7.687	-630	8,2%
EBIT	11.286	10.172	1.115	11,0%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	-6.359	-9.038	2.679	-29,6%
Tekjuskattur	-663	416	-1.079	-259,2%
Afkoma	4.269	1.550	2.719	175,5%

Rekstrarniðurstaða tímabilsins var jákvæð um 4.269 m.kr. sem er hækkun um 2.719 m.kr. á milli ára. Meginskýring á hækkun afkomu er vegna lækkunar fjármagnsgjalda eða um 2.679 m.kr., breyting á gangvirði var neikvæð um 1.663 m.kr. á 1H23 en er nú jákvæð um 602 m.kr. sem er hækkun um 2.265 m.kr. milli tímabila.

Rekstrarafkoma (EBITDA) hækkar um 1.744 m.kr (9,8%) á milli tímabila.

Afkoma í m.kr. og framlegð (EBITDA) í hlutfalli rekstrartekjum




Rekstrartekjur hækkuðu um 2.798 m.kr. eða 9,3% milli tímabila. Hækkun tekna skýrist helst af auknum tekjum af heitu vatni og rafmagni ásamt því að tekjur vegna innkomu burðarnets Sýnar í rekstur Ljósleiðarans hafa áhrif til hækkunar m.v. samanburðartímabil.

Tekjur eftir starfspáttum (í m.kr.)	Raun 2024 H1	Raun 2023 H1	Mism.	%
Veitur	21.271	19.075	2.196	11,5%
Orkusala og framleiðsla	9.126	8.819	306	3,5%
Önnur starfsemi	2.541	2.245	296	13,2%
Afkoma	32.937	30.139	2.798	9,3%

Tekjur skiptast á þrjá starfspætti: Veitur, orkusölu og framleiðslu og aðra starfsemi. Framleiðsla og sala raforku sem og starfsemi Ljósleiðarans falla undir samkeppnisrekstur og nema tekjur af honum 35,4% af heildartekjum Orkuveitunnar.

í m.kr.

Skipting rekstrartekna eftir starfsþáttum




Rekstrargjöld án afskrifta hækkuðu um 1.054 m.kr. milli tímabila eða 8,6%. Orkukaup og flutningur hækkuðu um 341 m.kr. Laun og launatengd gjöld hækkuðu um 151 m.kr. og skýrist meðal annars af fjölgun starfsmanna, kjarasamningshækkunum, innvistun, auknum umsvifum og uppbyggingar á starfsemi í Carbfix. Annar rekstrarkostnaður hækkaði um 562 m.kr. sem skýrist að mestu af innkomu burðarnets Sýnar í rekstur Ljósleiðarans, uppbyggingu á starfsemi Carbfix, viðhaldskostnaði mannvirkja sem og verðlagstengdum hækkunum.

Rekstrargjöld (í m.kr.)	Raun 2024 H1	Raun 2023 1H	Mism.	%
Orkukaup og flutningar	3.794	3.453	341	9,9%
Laun og launatengd gjöld	5.290	5.138	151	3,0%
Annar rekstrarkostnaður	4.251	3.689	562	15,2%
Samtals	13.335	12.281	1.054	8,6%

í m.kr.

Skipting rekstrargjalda



Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtagjöld og greiddar verðbætur hækkuðu um 576,5 m.kr. samanborið við fyrra tímabil. Áfallnar verðbætur lækkuðu um 689 m.kr. á milli tímabila og námu tæpum 4,0 ma.kr. á tímabilinu. Vaxtatekjur hækkuðu um 126 m.kr á tímabilinu. Ábyrgðagjald til eigenda lækkaði um 34,0 m.kr. vegna lána sem eru enn í ábyrgð eigenda. Samtals gerir þetta um 272 m.kr. lækkun á vaxtagjöldum og verðbótum á tímabilinu.

Gengismunur hækkaði um 265 m.kr og aðrar fjármagnstekjur lækkuðu um 123 m.kr. samanborið við sama tímabil.

Gangvirðisbreytingar voru jákvæðar um 602 m.kr. á tímabilinu en neikvæðar um 1.663 m.kr. á sama tímabili 2023.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld (m.kr.)	Raun 2024 H1	Raun 2023 H1	Mism.	%
Vaxtagjöld og verðbætur	-7.760	-8.033	272	-3,4%
Gangvirðisbreytingar	602	-1.663	2.265	-136,2%
Gengismunur	678	413	265	64,3%
Annað	122	245	-123	-50,4%
Samtals	-6.359	-9.038	2.679	-29,6%

Efnahagur

Heildareignir félagsins voru 495,4 ma.kr. í lok tímabilsins og hafa hækkað um 14,1 ma.kr. á tímabilinu. Fjárfest var fyrir 12,7 ma.kr. í rekstrarfjármunum en á móti námu afskriftir 8,3 ma.kr. Þýðingarmunur vegna eigna félaga í samstæðunni með starfrækslugjaldmiðil í erlendri mynt nam 1,5 ma.kr. sökum veikingar íslensku krónunnar. Leigueignir námu 2,4 ma.kr. í lok árs 2023, á móti er færð leiguskuld, samtals 2,3 ma.kr.

Veltufjármunir námu samtals 42,3 ma.kr. og hækka um 7,2 ma.kr. frá áramótum.

Efnahagur (m.kr.)	30.6.2024	31.12.2023	Breyting	%
Fastafjármunir	453.106	446.133	6.972	1,6%
Veltufjármunir án handb.fjár	17.358	16.144	1.214	7,5%
Handbært fé, b. innlán og markaðsv.br.	24.958	19.012	5.945	31,3%
Eignir samtals	495.421	481.290	14.132	2,9%
Eigið fé	259.740	258.984	756	0,3%
Langtímaskuldir	199.201	193.083	6.118	3,2%
Næsta árs afborganir skt. skulda	16.715	16.929	-214	-1,3%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb.	19.766	12.294	7.471	60,8%
Skuldir samtals	235.681	222.306	13.375	6,0%
Skuldir og eigið fé samtals	495.421	481.290	14.132	2,9%

Heildarskuldir félagsins voru 235,7 ma.kr. í lok tímabilsins og hækkuðu um 13,4 ma.kr., þar af hækka langtímaskuldir um 6,1 ma.kr. Heildarafborganir lána námu 9,1 ma.kr., lántökur 10,8 ma.kr. og áfallnar verðbætur tímabilsins námu 4,0 ma.kr. Nettóskuldir voru 163,2 ma.kr. í lok tímabilsins, þegar handbært fé, bundin innlán, og markaðsverbréf eru dregin frá vaxtaberandi skuldum.

	2024 H1
Vaxtaberandi skuldir 1. jan	182.178
Hreyfingar með greiðsluáhrif	
Ný lántaka	10.808
Aforganir	-9.073
Hreyfingar án greiðsluáhrifa	
Gengismunur	264
Verðbætur	3.999
Vaxtaberandi skuldir 30.06.24	188.176

Langtímaskuldir (í m.kr.)	Raun 2024 H1	2023	Mism.	%
Langtímaskuldir í innlendri mynt	133.612	122.829	10.783	8,8%
Langtímaskuldir í erlendri mynt	54.564	59.349	-4.785	-8,1%
	188.176	182.178	5.998	3,3%


Sjóðstreymisyfirlit

Sjóðsstreymisyfirlit gefur glögga mynd af raunverulegu peningastreymi til og frá fyrirtækinu og sýnir hvaða þættir hafa áhrif á handbært fé á tímabilinu.

Veltufé frá rekstri á tímabilinu nam 14.556 m.kr. samanborið við 13.912 m.kr. á síðasta ári. Veltufé án vaxta og skatta eykst þó um 1.689 m.kr. á milli ára.

Myndin hér fyrir neðan sýnir breytingu á handbæru fé þar sem grænar súlur sýna fjárstreymi inn í sjóð og rauðar súlur sýna fjárstreymi úr sjóði. Dökka súlan lengst til vinstri sýnir handbært fé í upphafi árs 2023 og sú sem er lengst til hægri í lok júní 2024.

Bundnar innstæður og markaðsverðbréf í lok tímabilsins voru 10,4 ma.kr. og eru ekki taldar með handbæru fé í lok tímabils í grafinu hér að neðan.



Eignabreytingar

Fjárfesting **Veitna** nam 6,6 ma.kr. á tímabilinu.

- Hjá hitaveitunni voru helstu fjárfestingar í áframhaldandi innleiðingu snjallmæla, lagnakerfis í kringum mislæg gatnamót við Arnarnesveg og Breiðholtsbraut, tæringarvarnir í geymi 1 á Reynisvatnsheiði, endurnýjun djúpdæla í Reykjahlíð í Mosfellsbæ, mælakaup og áframhaldandi vinna við endurnýjun á asbestlögnum á milli Akranes og Borgarnes (HAB).
- Í vatnsveitunni voru helstu fjárfestingar í endurnýjun lagna á Miklubraut, færsla lagna við Orkureit, endurnýjun lagna við Sólvallagötu, framlenging dreifikerfis við Korngarða og nýtt deiliskipulag í Víðiholti.
- Hjá fráveitunni voru helstu fjárfestingar endurnýjun á síubúnaði í Ánanaustum, Skólpdælustöð við Naustavog, uppbygging svæða á ífangna 1 í Ártúnshöfða, endurnýjun lagna í Sólvallagötu ásamt uppbyggingu Flóahverfis sem er iðnaðarsvæði á Akranesi.
- Í rafmagnsdreifingu voru helstu fjárfestingar í áframhaldandi innleiðingu snjallmæla, nýjum dreifistöðvum, nýjum spennuhúsum og endurnýjun strengja. Einnig er endurnýjun spennna í aðveitustöð 8 og uppsetning nýs hverfis í Hnoðraholti á meðal helstu fjárfestinga tímabilsins.

Fjárfesting **Orku náttúrunnar** nam 2,9 ma.kr.

- Helstu verkefni Orku náttúrunnar eru lagning Hverahlíðarlagnar 2 til orkuöflunar fyrir Hellisheiðarvirkjun, mikil uppbygging Hleðsluþjónustu um land allt og bygging lofthreinsistöðvarinnar Steingerðar á Hellisheiði sem draga mun verulega úr útblæstri frá virkjuninni.
- Einnig fer fram stjórnkerfisuppfærsla á Nesjavöllum, viðgerð á vél 2 og 4 og bygging varmastöðvar á Hellisheiði.
- Vinna við vinnsluholur NJ-33 og NJ-34 á Nesjavöllum heldur áfram sem og undirbúningur fyrir borun 8 nýrra vinnsluhola, 3 holur á Nesjavöllum, 1 á Hellisheiði og 4 í Hverahlíð.

Önnur fjárfesting nam 3,2 ma.kr.

- Helstu fjárfestingar eru í áframhaldandi uppbyggingu ljósleiðarakerfis, kaupum á stofnneti Sýnar, uppbygging Carbfix og endurbygging á höfuðstöðvum Orkuveitunnar við Bæjarháls.

Lánshæfismat og fjármögnun

Orkuveitan er með lánshæfismat í fjárfestingarflokki hjá tveimur matsfyrirtækjum Moody's og Fitch Ratings.

	Moody's	Fitch
Langtímaeinkunn	Baa3	BBB-
Horfur	Stöðugar	Stöðugar
Útgáfudagur	September 2021	Apríl 2023

Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** OR árin 2020- 2024 H1:

Orkuveita Reykjavíkur	2020	2021	2022	2023	2024 H1	Arðgreiðsluskilyrði
Eiginfjárhlutfall	47,7%	51,6%	54,6%	53,8%	52,4%	≥ 40%
Arðsemi eigin fjár	6,2%	6,0%	3,6%	2,5%	3,4%	
Veltufjárhlutfall	1,3	1,3	1,1	1,2	1,2	≥ 1
Vaxtaþekja	5,7	6,8	5,7	4,8	5,4	≥ 3,5
ROCE	4,3%	5,1%	4,5%	4,2%	4,8%	
Nettó skuldir/handbært fé frá rekstri	6,1	5,5	6,5	6,1	4,7	
Handbært fé frá rekstri/Nettó skuldir	16,3%	18,2%	15,5%	16,4%	18,0%	≥ 13%
RCF/nettó skuldir	14,2%	15,3%	13,0%	13,0%	18,0%	≥ 13%

Fyrirtækið er eins og áður háð þróun ytri þátta; vaxta, gengis og álverðs, en bættur rekstur og áhættuvarnir styrkja fjárhagsstöðu þess sem leitt hefur til styrkari stöðu fyrirtækisins gagnvart fjármálastofnunum á síðustu árum.

Fjármögnun Orkuveitu samstæðu á tímabilinu nemur 10.808 m.kr. Skuldabréfaútgáfa Orkuveitunnar á innlendum markaði var alls 10.325 m.kr. að nafnvirði. Útgáfa í verðtryggðum flokki OR020934 GB nam 6.000 m.kr., verðtryggðum flokki OR180255 GB nam 4.325 m.kr. að nafnvirði. Fjármögnun Ljósleiðarans nam 1.000 m.kr.


Orkuveitan hefur aðgang að USD 50 milljónum næstu tvö árin.

Í lok tímabilsins stóð álverð í 2.526 USD/tonn. Frá janúar til loka mars sveiflaðist verð í kringum 2.240 USD/tonn. Í apríl áttu sér stað hækkningar og hefur verð síðan þá sveiflast í kringum 2.560. Meðalverð á fyrstu 6 mánuðum ársins er 2.400 USD/tonn. Þróun álverðs hefur áhrif á tekjur vegna raforkusölu til stóriðju, mat á virði innbyggðra afleiðna orkusölusamninga, uppgjör áhættuvarnarsamninga og gangvirðismat þeirra. Tekjufærsla vegna breytinga á virði innbyggðra afleiðna raforkusölusamninga nam 566 m.kr. á tímabilinu. Innlausn áhættuvarna meðal rekstrartekna var jákvæð og nam 127 m.kr. Óinnleystar gangvirðisbreytingar áhættuvarnarsamninga var neikvæð og nam alls 303 m.kr. Aðrir þættir sem hafa áhrif við mat gangvirðis fjármálagerninga eru gengi, vextir, áhættuálag og tími.

Áhættustýring


Hækkun vaxta getur falið í sér áhættu í rekstri og efnahag Orkuveitunnar. Orkuveitan hefur fest vexti með nýrri lántöku á föstum vöxtum og með framvirkum samningum til að draga úr áhættu. Myndin sýnir hlutfall heildarskuldbindinga hvers árs sem ber fasta vexti m.v. stöðu 30. júní 2024.

Varnarhlutfall vaxta



Áhættuvarnarsamningar eru gerðir til að verja tekjur af orkusölu til stóriðju fyrir lækkun álverðs og draga úr tekjusveiflum á milli ára. Samningar eru gerðir nokkur misseri fram í tímann. Á myndinni má sjá varnarhlutföll álverðstengdra tekna þann 30. júní 2024.

Álvarnarhlutföll



Neðangreind tafla sýnir upphæðir tekna, kostnaðar og afborgana lána í erlendri mynt.

Erlend mynt (m.kr.)	Raun 2024 H1	Raun 2023 H1	Mism.	%
Tekjur í erlendri mynt	5.184	4.964	220	4,4%
Kostnaður í erlendri mynt	1.292	1.066	226	21,2%
Afborganir í erlendri mynt	5.048	5.390	-342	-6,3%

Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Grunnrekstur OR (EBITDA) hækkar samanborið við fyrri helming ársins 2023 um 1.744 m.kr. eða um 9,8%. Rekstrartekjur hækkuðu um 2,8 ma.kr. eða 9,3% en rekstrargjöld hækkuðu um 1,1 ma.kr. eða 8,6%. Hækkun tekna skýrist helst af auknum tekjum af heitu vatni og rafmagni ásamt því að tekjur vegna innkomu burðarnets Sýnar í rekstur Ljósleiðarans hafa áhrif til hækkunar m.v. samanburðartímabil.
- Rekstrarniðurstaðan var jákvæð um 4,3 ma.kr. sem er hækkun um 2,7 ma.kr. milli ára. Meginskýring á hækkun afkomu er vegna gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiðna sem voru jákvæðar um 566 m.kr. en voru neikvæðar á 1H23 um 2,6 ma.kr.
- Eignir OR jukust um 14,1 ma.kr. frá ársbyrjun eða um 2,9%. Vaxtaberandi skuldir hækkuðu úr 182 ma.kr í 188 ma.kr. eða um 3,3%. Hækkun skulda að mestu rekja til verðbóta. Eiginfjárhlutfall OR lækkaði á tímabilinu í 52,4% úr 53,8% í ársbyrjun.
- Handbært fé frá rekstri nam 17,4 ma.kr. og hækkar um 2,6 ma.kr miðað við sama tímabil í fyrra. Sterk staða handbærs fjár frá rekstri gerir OR kleift að standa undir háum afborgunum.
- Kennitölur fyrirtækisins eru yfir markmiðum arðgreiðsluskilyrða. Gjalddeyrisáhætta OR er einkum vegna erlendra lána og einnig tekna hjá ON Power. Á fyrri helmingi ársins 2024 voru tekjur í erlendri mynt 5,2 ma.kr. á meðan kostnaður og afborganir í erlendri mynt nam 6,3 ma.kr. Það er sambærilegt miðað við sama tímabil 2023.


Ábendingar Fjármála- og áhættustýringarsvið:

- Framlegð Orkuveitu Reykjavíkur (EBITDA / rekstrartekjur) styrktist það sem af er ári. Hún er 59,5% og hefur styrkst lítillega frá sama tímabili í fyrra. Mikilvægt er að framlegð reksturs OR haldist stöðug og góð þar sem fyrirtækið er viðkvæmt vegna ytri þátta; vaxta, gengis og álverðs. Að sama skapi er mikilvægt að félagið hafi á hverjum tíma getu til að greiða eigendum sínum eðlilegan arð af því fé sem bundið er í félaginu.
- Lán sem hafa eigendaábyrgð nema um 47,1 ma.kr. en bein ábyrgð borgarsjóðs á þeim er um 44,1 ma.kr. og hefur lækkað um 5,3 ma.kr. frá áramótum. Mikilvægt er að gera aðgerðaáætlun um hvernig þessum ábyrgðum verði mætt ef á reynir.
- Brýnt er að endurskoða eigendastefnu félagsins og tryggja að hún nái betur utanum umfang og áskoranir dótturfélaga OR.
- Skuldsetning Orkuveitunnar vegna uppbyggingar á mikilvægum samfélagslegum innviðum hefur mikil áhrif á lögbundið hámark skuldaviðmiðs samkvæmt sveitarstjórnarlögum og setur Reykjavíkurborg verulegar skorður vegna framkvæmda og uppbyggingar á öðrum sviðum. Mikilvægt er því að öll ákvarðanatataka innan samstæðu Reykjavíkurborgar sem varðar fjárfestingar og lántökur sé gagnsæ og byggð á grunni eigendastefnu með hagsmuni samstæðu Reykjavíkurborgar að leiðarljósi.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs. (m.kr.)	Raun 2024_06	Áætlun 2024_06	Breyting	%	Raun 2023_06	Breyting	%
Rekstrartekjur	2.601	2.555	46	2%	2.354	247	10%
Rekstrargjöld	-2.510	-2.445	-66	3%	-2.331	-179	8%
EBITDA	161	180	-19	-11%	90	71	79%
EBIT	91	110	-19	-18%	23	68	298%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	21	-7	28	-401%	8	14	180%
Rekstrarniðurstaða	112	103	9	8%	30	81	268%


Rekstrarniðurstaða Niðurstaða tímabilsins er jákvæð um 112 m.kr. sem er töluvert hærra en á sama tímabili árið á undan.



Rekstrartekjur

Tekjur (m.kr.)	Raun 2024_06	Áætlun 2024_06	Breyting	%	Raun 2023_06	Mism.	%
Framlag eigenda til rekstrar	1.259	1.259	0	0%	1.177	83	7%
Framlag eigenda í fjárfestingasjóð	55	55	0	0%	58	-3	-6%
Framlag eigenda til almannavarnanefndar	12	12	0	0%	11	1	6%
Ríkissjóður vegna sjúkraflutninga	1.117	1.098	19	2%	993	124	12%
Aðrar sértekjur og óreglulegir tekjuliðir	90	60	30	50%	50	40	79%
Húsaleigutekjur	67	70	-2	-3%	64	3	4%
	2.601	2.555	46	2%	2.354	247	10%

Heildartekjur fyrstu sex mánuði ársins eru um 247 m.kr. (10%) hærra miðað við sama tímabil 2023. Helsta skýring fyrir utan verðlagshækkunir á milli tímabila eru hærra tekjur af sérverkefnum vegna vinnu í tengslum við eldsumbrot í Grindavík.



Rekstrargjöld:

Gjöld (m.kr.)	Raun 2024_06	Áætlun 2024_06	Mism.	%	Raun 2023_06	Mism.	%
Launakostnaður	2.054	2.036	17	1%	1.916	138	7%
Annar rekstrarkostnaður	387	338	48	14%	348	38	11%
Afskriftir	70	70	0	0%	67	3	4%
	2.510	2.445	66	3%	2.331	179	8%

Heildarrekstrarkostnaður fyrstu sex mánuði ársins er um 179 m.kr. (8%) hærri miðað við sama tímabil 2023.


Launakostnaður tímabilsins er um 138 m.kr. (7%) hærri, helstu skýringar má rekja til launabreytinga á tímabilinu og vinnu vegna sértækra verkefna sem hafa skila auknum tekjum á móti, líkt og verkefni sem tengjast jarðhræringum í Grindavík. Annar rekstrarkostnaður er 38 m.kr. (11%) hærri en á sama tímabili í fyrra. Helsta skýring fyrir utan verðlagsbreytingar er gjaldfærður kostnaður vegna framkvæmda í Skógarhlíðinni sem tengjast myglu og rakaskemmdum, samtals um 28 m.kr.



Efnahagur:


Efnahagur (m.kr.)	30.6.2024	31.12.2023	Breyting	%
Fastafjármunir	2.689	2.331	358	13,3%
Veltufjármunir án handb.fjár	150	212	-62	-41,2%
Handbært fé	880	1.050	-170	-19,3%
Eignir samtals	3.719	3.593	126	3,4%
Eigið fé	2.822	2.710	112	4,0%
Langtímaskuldir	200	202	-1	-0,7%
Næsta árs afborganir langt. skulda	16	16	0	2,5%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb.	680	665	15	2,3%
Skuldir samtals	897	883	14	1,6%
Skuldir og eigið fé samtals	3.719	3.593	126	3,4%

Eiginfjárlutfall SHS í lok tímabilsins er um 75,9%, en var á sama tímabili 2023 um 74,5%. Eina langtímaskuld samstæðunnar er við Lánasjóð sveitarfélaga vegna láns sem tekið var vegna byggingar slökkvistöðvarinnar við Skarhólbraut í Mosfellsbæ.



Fyrir liggur samþykkt áætlun um framtíðar uppbyggingu Slökkviliðsins á höfuðborgarsvæðinu. Fyrsti áfangi er bygging á nýrri útkallsstöð við Tónahvarf í Kópavogi, undirbúningur er þegar hafinn. Stöðin er viðbót við þær sem fyrir eru og því mun þurfa að fjölga slökkviliðs- og sjúkraflutningamönnum til að manna nýja stöð. Gert er ráð fyrir að ný stöð verði tekin í notkun 2027. Annar áfangi felur m.a. í sér að starfsemi í Skógarhlíð flyst í nýja björgunarmiðstöð og samhliða því myndi verða fundin ný staðsetning fyrir útkallsstöðina í Skógarhlíð á BSÍ reitnum eða þar í nágrenni. Jafnframt er gert ráð fyrir að byggð verði ný útkallsstöð í björgunarmiðstöðinni eða þar í nágrenni sem myndi þá leysa stöðina á Tunguhálsi af hólmi. Þriðji og síðasta áfangi gerir ráð fyrir að nýrri stöð verði bætt við í Hafnarfirði til að bæta viðbragðstíma á Völlumum og nágrenni.

Sjóðstreymi:





Handbært fé í lok tímabilsins er 880 m.kr.

Fjárfestingar ársins eru samtals 431 m.kr., þ.e. kaup á tveimur nýjum körfubílum samtals um 262 m.kr., slökkvibíll fyrir Kjalarnes 33 m.kr., búnaður og bifreiðar fyrir slökkviliðið samtals 63 m.kr. og framkvæmdir í Skógarhlíð vegna myglu- og rakaskemmda fyrir samtals um 77 m.kr.

Fjöldi útkalla:

Fyrstu sex mánuðir ársins var ríflega 20 þúsund útköll vegna sjúkraflutninga, sem er heldur fleiri en var á sama tímabili 2023. Heildarfjöldi útkalla sem verða að flutningi sjúklings eru um 16 þúsund eða um 81%,

Gert er ráð fyrir áframhaldandi fjölgun sjúkraflutninga á næstu árum, þar sem þættir eins og íbúafjölgun og aldur landsmanna styðja þá tilgátu. Fjöldi útkalla hjá slökkviliðinu er 695 fyrstu sex mánuði ársins sem er fækkun um 17% miðað við sama tímabil 2023. Útköll slökkviliðsins sveiflast meira milli ára og eru ástæður þess m.a. mismargir sinueldar og óveðursútköll milli ára.



Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** SHS samstæðunnar tímabilið janúar-júní árin 2020- 2024:

SHS samstæðan	2020_6	2021_06	2022_6	2023_6	2024_6
Eiginfjárlutfall	77,1%	74,7%	74,5%	74,5%	75,9%
Arðsemi eigin fjár	-9,6%	23,9%	-3,0%	2,4%	8,2%
Veltufjárlutfall	0,92	1,30	1,55	1,59	1,48
Langtímaskuldir/eigið fé	9,7%	8,9%	8,5%	8,1%	7,1%
Uppgreiðslutími	n/a	0,3	2,8	1,0	0,6
Heildarskuldir/rekstrartekjum	20,1%	18,8%	19,1%	18,4%	17,2%
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	-2,7%	15,1%	1,8%	4,6%	7,3%
Framlegð (EBIDTA)/restrartekjur	-2,5%	15,2%	1,7%	3,8%	6,2%

Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Rekstrarniðurstaðan var 81 m.kr. hærrí en á sama tímabili árið 2023. Helsta skýring fyrir utan verðlagshækkunar á milli tímabila voru hærrí tekjur af sérverkefnum vegna vinnu í tengslum við eldsumbrot í Grindavík.
- Rekstrargjöld voru 101 m.kr. hærrí en á sama tímabili 2023. Helsta skýring fyrir utan verðlagsbreytingar er gjaldfærður kostnaður vegna framkvæmda í Skógarhlíðinni sem tengjast myglu og rakaskemmdum, samtals um 28 m.kr aðeins yfir áætlun vegna húsnæðis SHS, myglugreiningar í Skógarhlíð og ákvörðunar um staðsetningu á nýrri slökkvistöð.
- Vegna uppgjörs reglna um byggðarsamlög og sameignarfélög er einungis ábyrgðarlutfall borgarinnar tekið inn í samantekinn ársreikning Reykjavíkurborgar. Meðfylgjandi tafla sýnir hlut borgarinnar í rekstri SHS miðað við ábyrgðarlutföll sem voru 56,577% árið 2024 en 56,552% árið 2023:


Hlutur Reykjavíkur í rekstri SHS bs (m.kr.)	Raun 2024_06	Raun 2023_06	Breyting	%
Rekstrartekjur	1.472	1.331	140	11%
Rekstrargjöld	-1.420	-1.318	-102	8%
EBITDA	91	51	40	79%
EBIT	51	13	38	298%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	12	4	8	180%
Rekstrarniðurstaða	63	17	46	268%

•

SORPA bs.

SORPA bs. (m.kr)	Raun 2024_06	Áætlun 2024_06	Breyting	%	Raun 2023_06	Breyting	%
Rekstrartekjur	3.857	3.468	389	11,2%	3.077	780	25,4%
Rekstrargjöld	-3.530	-3.051	-478	15,7%	-2.876	-654	22,7%
EBITDA	534	650	-116	-17,8%	418	116	27,9%
EBIT	328	416	-89	-21,4%	201	126	62,5%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgj.)	-116	-146	29	-20,1%	-140	24	-16,9%
Rekstrarniðurstaða	211	271	-60	-22,1%	61	150	243,7%

Rekstrarniðurstaða: Hagnaður tímabilsins var 211 m.kr. sem er 150 m.kr. hærrí en sama tímabili á síðasta ári. Tekjur hækkuðu umtalsvert milli ára eða um 780 m.kr. Munar þar mestu að tekjur móttöku og flokkunarstöðvarinnar í Gufunesi hækkuðu um 392 m.kr. og tekjur Góða Hirðisins hækkuðu um 107 m.kr. milli ára.



Magn úrgangs minnkar frá árinu á undan eða um 57,9% í Álfsnesi.

Í lok tímabilsins var veltufjárhlutfall samlagsins 1,11 samanborið við 0,93 í lok sama tímabils árið á undan.

Sérsvafnaður lífrænn úrgangur er farinn að berast í auknu mæli til GAJA en vonir standa til að sérsöfnun á lífrænum úrgangi við heimili, sem hófst á tímabilinu, muni gera samlaginu kleift að framleiða góða moltu. Samlagið hefur unnið markvisst að markaðsþróun metans og veruleg eftirspurn er eftir afurðinni í iðnað og stórflutninga.

Magntölur	2020_6m	2021_6m	2022_6m	2023_6m	2024_6m	Breyting 2022-2023
Endurvinnslustöðvar gjaldtekið inn (m3)	15.015	19.978	15.308	16.800	16.762	-0,2%
Endurvinnslustöðvar út (tonn)	28.314	27.187	22.218	23.401	23.442	0,2%
Móttökustöð (tonn)	45.677	45.770	45.121	37.310	39.377	5,5%
Álfsnes (tonn)	89.769	73.961	79.392	67.027	28.238	-57,9%


Heimsóknir	2020_6m	2021_6m	2022_6m	2023_6m	2024_6m	Breyting 2022-2023
Endurvinnslustöðvar (fjöldi ökutækja)	470.757	471.167	430.085	449.786	493.805	9,8%
Móttökustöð (fjöldi sölupantana)	22.970	24.898	24.834	21.644	24.084	11,3%
Álfsnes (fjöldi sölupantana)	7.182	6.552	7.107	8.364	5.072	-39,4%

Endurvinnslustöðvar	2020_6m	2021_6m	2022_6m	2023_6m	2024_6m	Breyting 2022-2023
Tekjur í hliði (þ.kr.)	80.806	111.847	113.939	138.389	155.953	12,7%
Endurnýtingarhlutfall	64,61%	63,26%	68,92%	83,98%	82,5%	-1,7%

Endurvinnslustöðvar eru reknar skv. þjónustusamningi samlagsins við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Tekjur þeirra eru ávallt jafnháar gjöldum og hefur rekstur þeirra því ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu samlagsins. Umferð á endurvinnslustöðvunum eykst milli ára eða um 9,8%. Magn frá endurvinnslustöðvunum minnkar örlítið eða um 0,2% á milli ára en tekjur í hliði hækka um 12,7% á milli ára. Hlutfall þess efnis sem fer í endurvinnslu lækkar um 1,7% frá sama tímabili árið á undan.

Aðstæður á endurvinnslustöðvunum eru misgóðar þar sem magn inn á stöðvarnar hefur aukist mikið síðast liðin ár ásamt því að flokkum fjölgar stöðugt, plássleysi er því farið að hamla áframhaldandi þróun stöðvanna. Kópavogsbær hefur óskað eftir að endurvinnslustöðin á Dalvegi verði lokað í september 2025 en ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvar eigi að opna aðra stöð fyrir þá íbúa sem Dalvegurinn þjónustar. Stöðinni á Sævarhöfða verður lokað og gert er ráð fyrir að ný stöð opni á Lambhagavegi 2025 en gert er ráð fyrir að framkvæmdir á Lambhagavegi muni hefjast í byrjun árs 2025.


Tekjur eftir starfsþáttum (í m.kr.)	Raun 2024_06	Áætlun 2024_06	Mism.	%	Raun 2023_06	Mism.	%
Gufunes	2.428	2.177	251	11,5%	1.773	656	37,0%
Álfsnes	1.152	1.264	-112	-8,9%	1.548	-397	-25,6%
EVST og Grenndarg.	1.135	331	805	243,4%	982	153	15,6%
Góði Hirðirinn	323	1.149	-826	-71,9%	216	108	49,9%
Innri viðskipti	-1.182	-1.454	272	-18,7%	-1.442	260	-18,0%
	3.857	3.468	389	11,2%	3.077	780	25,4%



Rekstrargjöld hækkuðu um 374 m.kr. frá árinu á undan eða um 23,1%. Helsti munur frá áætlun er vegna Stena². Áætlun fyrir þann kostnað var mjög erfið og óljós og síðan bættist við mengunargjald við flutninga hjá Eimskip sem höfðu umtalsverð áhrif. Aðrir kostnaðarliðir voru innan eðlilegra marka nema þá helst að launakostnaður var 7,4% undir áætlun.

²Stena er fyrirtæki í Svíþjóð sem tekur við miklu magni af sorpi til brennslu og/eða kemur því áfram til frekari endurnýtingar.


Gjöld (í m.kr.)	Raun 2024_06	Áætlun 2024_06	Mism.	%	Raun 2023_06	Mism.	%
Gufunes	2.109	2.001	108	5,4%	1.751	358	20,5%
Álfsnes	1.140	1.024	236	23,1%	1.369	-109	-7,9%
EVST og Grenndarg.	1.139	1.176	-40	-3,4%	982	153	15,6%
Góði Hirðirinn	323	331	-7	-2,3%	216	108	49,9%
Innri viðskipti	-1.182	-1.454	272	-18,7%	-1.442	260	-18,0%
	3.646	3.077	568	18,5%	2.876	770	26,8%




Efnahagur

Efnahagur (m.kr.)	30.6.2024	31.12.2023	Breyting	Breyt %
Fastafjármunir	8.324	8.393	-68	-1%
Veltufjármunir án handb.fjár	851	982	-131	-13%
Handbært fé	558	298	260	87%
Eignir samtals	9.734	9.673	61	1%
Eigið fé	5.986	5.775	211	4%
Skuldbindingar	491	483	8	2%
Langtímaskuldir	1.985	2.033	-48	-2%
Næsta árs afborganir langt. skulda	208	230	-22	-9%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb.	1.064	1.152	-88	-8%
Skuldir samtals	3.748	3.899	-151	-4%
Skuldir og eigið fé samtals	9.734	9.673	61	1%


Sjóðstreymi



Veltufé



Fjárfestingar



Með nettó fjárfestingu er átt við fjárfestingu í varanlegum rekstrarfjármunum að frádrögnum seldum rekstrarfjármunum. Fjárfestingar á tímabilinu eru að fjárhæð 134 m.kr.

Eignabreytingar 2024

Fjárfestingar á tímabilinu voru 134 mkr. Töf hefur verið á afhendingu véla og tækja í heiminum og við sjáum að fjárfestingar samlagsins hafa verið að frestast um nokkra mánuði. Einnig má gera ráð fyrir að seinni hluti ársins verði farið í meiri fjárfestingar, sérstaklega í Álfsnesi en unnið er að því að minna bæði sjón- og lyktarmengun á svæðinu.

Kennitölur

Eftirfarandi tafla dregur saman kennitölur samlagsins janúar-júní 2020-2024:

SORPA bs.	2020_06	2021_06	2022_06	2023_06	2024_06
Eiginfjárhlutfall	45,9%	57,2%	58,1%	58,2%	61,5%
Arðsemi eigin fjár	1,0%	7,5%	19,6%	2,2%	7,3%
Veltufjárhlutfall	0,39	0,74	1,28	1,11	1,11
Langtímaskuldir/eigið fé	64,8%	48,1%	40,6%	36,6%	33,2%
Uppgreiðslutími	9,7	3,5	1,6	3,2	2,4
Heildarskuldir/rekstartekjum	123,6%	81,6%	68,4%	67,1%	48,6%
Veltufé frá rekstri / rekstrartekjur	7,7%	16,4%	26,8%	11,7%	11,9%
Framlegð (EBITDA) / rekstrartekjur	10,3%	17,6%	27,8%	13,6%	13,8%

Fjármála- og áhættustýringarvið vekur athygli á:

- Hagnaður samlagsins á tímabilinu var um 211 m.kr. sem er 150 m.kr. betri afkoma en á sama tíma fyrir ári, sem skýrist einkum af auknum tekjum aðallega hjá móttöku- og flokkunarstöðinni í Gufunesi og hjá Góða hirðinum.
- Vegna uppgjör reglna um byggðarsamlög og sameignarfélög er einungis ábyrgðarhlutfall borgarinnar tekið inn í samantekin ársreikning Reykjavíkurborgar. Meðfylgjandi tafla sýnir hlut borgarinnar í rekstri SOPRU miðað við ábyrgðarhlutföll sem voru 56,577% árið 2024 en 56,552% árið 2023:


Hlutur Reykjavíkur í rekstri SOPRU bs. (m.kr.)	Raun 2024_06	Raun 2023_06	Breyting	%
Rekstrartekjur	2.182	1.740	442	25,4%
Rekstrargjöld	-1.997	-1.626	-371	22,7%
EBITDA	302	236	66	27,9%
EBIT	185	114	71	62,5%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgj.)	-66	-79	13	-16,9%
Rekstrarniðurstaða	119	35	85	243,7%

Strætó

Strætó bs. (m.kr.)	Raun 2024_06	Áætlun 2024_06	Breyting	%	Raun 2023_06	Breyting	%
Rekstrartekjur	5.836	5.809	27	0%	5.320	516	10%
Rekstrargjöld	-5.459	-5.679	220	-4%	-5.231	-227	4%
EBITDA	378	130	247	190%	89	289	325%
EBIT	264	-12	275	-2335%	-50	314	-625%
Fjármagnsliðir	-76	-86	11	-13%	-92	-17	-18%
Rekstrarniðurstaða	188	-98	286	-291%	-142	330	-232%

Rekstrarniðurstaða var jákvæð um 188 m.kr. sem var um 286 m.kr. betri niðurstaða en áætlun. Þar vegur þyngst lægri laun en áætlun gerði ráð fyrir, en samningar eru lausir. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði og afskriftir (EBITDA), skilaði 378 m.kr. í afgang sem var um 247 m.kr. yfir áætlun og var 289 m.kr. betri niðurstaða en sama tímabil árið á undan.

Nokkur viðsnúningur hefur verið í rekstri Strætó en aukin verðbólga, olíuverðs- og launahækkunir hafa haft gríðarleg fjárhagsleg áhrif á starfsemina síðustu ár og hefur fjárhagsstaða Strætó rýrnað verulega. Auka rekstrarframlag frá eigendum síðustu ár hefur án efa styrkt félagið en til að styrkja fjárhag félagsins til framtíðar þurfa eigendur og ríki að leita allra leiða til að bæta reksturinn, ekki einungis til að mæta sveiflum í rekstri, heldur til að mæta auknum kröfum um sjálfbærni, orkuskipti í samgöngum og verkefni tengdum eflingu almenningsgangna s.s. Borgarlínu.



Rekstrartekjur tímabilsins voru 5,8 ma.kr. sem var aukning um 516 m.kr. eða 10% miðað við sama tímabil á síðasta ári. Allir vöruflokkar nema ríkisframlag hækkuðu milli tímabila.

Rekstrartekjur (í m.kr.)	Raun 2024_06	Áætlun 2024_06	Mism.	%	Raun 2023_06	Mism.	%
Fargjöld	1.046	1.088	-43	-4%	957	89	9%
Rekstrarfr. eigenda	3.188	3.135	52	2%	2.892	295	10%
Ríkisframlag	453	453	0	0%	453	0	0%
Pant akstursþj.	902	921	-19	-2%	819	83	10%
Aðrar tekjur	248	212	36	17%	200	48	24%
	5.837	5.809	27	0%	5.320	516	10%

Fargjöld hækkuðu um 89 m.kr. eða aukning um 9% m.v. sama tímabil 2023. Ef horft er til baka má rekja um 1,5 ma.kr. tekjutap til heimsfaraldurs á meðan reynt var eftir bestu getu að halda uppi óbreyttu þjónustustigi. Til að mæta því tekjutapi var hagrætt í rekstri eins og hægt var og gjaldskrá hækkuð. Þann 16. nóvember 2021 var Klapp, rafrænt greiðslukerfi Strætó innleitt og öll gjaldskráin einfölduð til að vera sanngjarnari og veita viðskiptavinum jafnari kjör á fargjöldum. Frá 1. október 2022 til 30 júní 2024 hefur stakt fargjald hækkað úr 490 kr. í 630 kr. eða um 29%. Verðhækkunum er ætlað að mæta almennum kostnaðarverðshækkunum á aðföngum Strætó svo sem olíuverðshækkunum, en olíuverð hefur hækkað mikið, einnig hafði vinnutímastytting veruleg áhrif á reksturinn sem og heimsfaraldur. Ávallt er reynt að stilla öllum verðhækkunum Strætó í hóf og er hækkin ætluð að draga úr þörf á frekari hagræðingu í leiðakerfi Strætó á höfuðborgarsvæðinu.

	Stakur miði	Hækkun
Fyrir 1. október 2022	490	
1. október 2022	550	12%
1. júlí 2023	570	4%
8. janúar 2024	630	11%
Hækkun		29%

Rekstrarframlag eigenda er innheimt eftir samþykktri fjárhagsáætlun, þar sem framlag fyrra árs er uppreiknað miðað við Strætóvísitölu og nýjustu spá Hagstofu Íslands. Einnig greiða eigendur mismun á niðurgreiddum farmiðum til öryrkja og aldraðra og almennum farmiða. Nemaframlagið frá sveitarfélögunum er mismunur á fjárhæð 400 m.kr. og tekjum af seldum nemakortum. Eigendur lögðu félaginu til 520 m.kr. auka rekstrarframlag árið 2022 og 2023 eða samtals 1.040 m.kr.

Strætó bs. (m.kr.)	2020_06	2021_6	2022_6	2023_06	2024_06
Fargjöld	840	829	689	957	1.046
Rekstrarfr. eigenda	1.913	2.029	2.317	2.892	3.188
Ríkisframlag	450	453	453	453	453
Pant akstursþj.	768	653	713	819	902
Aðrar tekjur	97	145	179	200	248
	4.068	4.110	4.351	5.320	5.837


Ríkisframlag er byggt á samningi frá 2012 um aukinn hlut almenningssamgangna í ferðum á höfuðborgarsvæðinu, auknu umferðaröryggi og umhverfisvernd. Samningurinn hefur verið framlengdur til 2034 og felur í sér mánaðarleg framlög af hálfu ríkissjóðs. Framlög frá ríkissjóði hafa verið nánast óbreytt frá upphafi þrátt fyrir miklar breytingar á rekstrarkostnaði og utanaðkomandi aðstæðum. Í samningi er gert

ráð fyrir að fjárfrelag sé verðbætt árlega.

Aðrar tekjur eru þóknarir Strætó af Pant akstursþjónustu, þóknun vegna aksturs á landsbyggðinni, auglýsingatekjur og aukaakstur sveitarfélaga. Aðrar tekjur jukust um 24% milli tímabila.

Fargjöld greidd af farþegum eru 18% af heildartekjum, 55% af rekstrartekjum koma frá eigendum og 8% er ríkisframlag.

Tekjur Pant akstursþjónustu jukust um 10% milli ára sem skýrist af auknum ferðum og hækkun á gjaldskrá. Hvert og eitt sveitarfélag ákvarðar gjaldskrá fyrir sýna notendur, minniháttar hækkun var í janúar 2024. Til staðar er samningur milli allra sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins að undanskildum Hafnarfirði og Kópavogi varðandi framkvæmd aksturs fyrir fatlað fólk, fötluð skólabörn og eldri borgara. Sveitarfélögin greiða Strætó verktakakostnað vegna aksturs umfram fargjöld frá notendum viðkomandi sveitarfélags.




Rekstrargjöld voru um 5,4 ma.kr. eða 227 m.kr meiri en sama tímabil 2023.

Rekstrargjöld (í m.kr.)	Raun 2024_06	Áætlun 2024_06	Mism.	%	Raun 2023_06	Mism.	%
Laun og launatengd gjöld	1.678	1.854	-176	-9%	1.630	48	3%
Rekstur vagna og aðkeyptur	2.512	2.499	13	1%	2.406	106	4%
Pant akstursþjónusta	902	921	-19	-2%	819	83	10%
Annar rekstrarkostnaður	366	405	-39	-10%	376	-9	-2%
	5.459	5.679	-220	-4%	5.231	227	4%

Laun og launatengd gjöld jukust milli tímabila um 3% eða 48 m.kr. og eru 176 m.kr. undir áætlun. Samningar eru lausir þannig að vænta má að laun hækki og komi til afturvirkra greiðslna þegar samið verður.

Rekstur vagna og aðkeyptur akstur jókst um 106 m.kr. milli tímabila. Aðkeyptur akstur hækkaði um 7% sem rekja má að stærstum hluta til hækkaðs verðlags en greiðslur til verktaka breytast í takt við breytingar á verðlagi, þ.e. breytingu á launa-, olíu- og neysluvísitölu. Engar stórvægilegar breytingar voru á akstri milli ára. Rekstrarkostnaður vagna Strætó dróst um 6% á milli tímabila. Kostnaður vegna orkugjafa, þ.e. olíu, rafmagns og metans lækkaði um 2% milli tímabila og viðhalds- og viðgerðakostnaður dróst saman um 24%, en mikið var um stórar og dýrar viðgerðir á gömlum vögnum 2023. Aldur vagna Strætó fer hækkanandi með ári hverju á meðan ekki er fjárfest í nýjum. Bent skal á að viðgerða- og viðhaldskostnaður hækkar umtalsvert á milli ára um leið og 5 ára aldri vagna er náð.





Pant akstursþjónusta jókst um 83 m.kr. milli ára, sem skýrist að mestu af fjölgun ferða og hækkum á gjaldskrá, en akstur dróst verulega saman í heimsfaraldri.

Annar rekstrarkostnaður lækkaði um 9 m.kr. eða 2% milli tímabila.

Rekstur vagna og aðkeyptur akstur (í m.kr.)	Raun 2024_06	Raun 2023_06	Mism.	%
Aðkeyptur akstur	2.058	1.924	134	7%
Viðhalds og viðgerðakostn.	125	164	-39	-24%
Orkugjafar	225	229	-4	-2%
Annar rekstrark. vagna	104	90	14	16%
	2.512	2.406	106	4%

Innstig voru um 6,5 milljón fyrst sex mánuði ársins en voru 6,3 milljónir fyrstu sex mánuði 2023, eða fjölgun um 2%. Aldrei hafa fleiri innstig mælst yfir árið í strætisvögnum á höfuðborgarsvæðinu en árið 2023 síðan reglulegar mælingar hófust og er um sannkallað metár að ræða. Yfir allt árið 2023 voru u.þ.b. 12,6 milljónir innstiga en áður var metið árið 2019 sem var með 12,2 milljónir innstiga.



Efnahagur

Heildareignir námu 3,0 ma.kr. og lækkuðu um 6% frá áramótum. Þar af námu fastafjármunir 2,1 ma.kr. og veltufjármunir 857 m.kr.


Heildarskuldir námu 3,2 ma.kr. Þar af námu langtímaskuldir 1,6 ma.kr., lífeyrissjóðsskuldbinding 236 m.kr. og skammtímaskuldir 1,4 ma.kr. Eigið fé 30.6 2024 var neikvætt um 176 m.kr.

Meðal fastafjármuna er framlag til Brúar lífeyrissjóðs frá árinu 2017 sem dreift er á 20-30 ár í samræmi við leiðbeiningar frá reikningsskilanefnd sveitarfélaganna, eftirstöðvar námu 600 m.kr. í lok tímabils. Ýmsar skammtímaskuldir samanstanda helst af ógreiddum launum og launatengdum gjöldum.


Efnahagur (m.kr.)	31.06 2024	31.12.2023	Breyting	%
Fastafjármunir	2.171	2.278	-107	-5%
Veltufjármunir án handb. fjár	536	563	-27	-5%
Handbært fé	321	370	-49	-13%
Eignir samtals	3.028	3.211	-183	-6%
Eigið fé	-176	-364	188	-52%
Skuldbindingar	236	239	-3	100%
Langtímaskuldir	1.604	1.625	-20	-1%
Næsta árs afborgun langt.skulda	122	114	8	7%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb.	1.241	1.597	-356	-22%
Skuldir samtals	3.204	3.575	-371	-10%
Skuldir og eigið fé samtals	3.028	3.211	-183	-6%

Sjóðstreymi

Handbært fé í lok tímabilsins lækkaði um 49 m.kr. frá síðustu áramótum. Fjárfestingar námu 21 m.kr. Engin ný lán voru tekin á tímabilinu, en afborganir lána voru 53 m.kr.



Nokkur vinna hefur átt sér stað á mati fjárparfar Strætó í ljósi rekstrarvanda. Framlög eigenda á árunum 2022 og 2023 áttu að tryggja félaginu viðunandi rekstrarfé til skamms tíma. Fjármagna þurfti þó sérstaklega uppgjör vegna skaðabótakröfu, en eigendur veittu félaginu sérstakt viðbótarframlag í lok árs 2023. Þrátt fyrir aukaframlög frá eigendum hefur rekstrarvandi félagsins ekki verið tryggður til langs tíma. Fjárfesting í nýjum vögnum er nauðsynlegur til að viðhalda núverandi þjónustustigi og til að mæta auknum kröfum um sjálfbærni og orkuskipti.



Veltufé frá rekstri gefur vísbendingu um hversu hátt hlutfall af rekstrartekjum er til ráðstöfunar fyrir afborganir skulda, skuldbindinga og til fjárfestinga. Því hærra sem þetta hlutfall er því meiri er geta félagsins til vaxtar og viðhalds eigna. Veltufé frá rekstri í hlutfalli af tekjum var 6% í lok júní 2024, en var 2% í árslok 2023. Nokkur viðsnúningur hefur orðið, enn er nokkuð í land þar til fyrri styrk fyrir heimsfaraldur er náð.

Kennitölur

Eftirfarandi tafla dregur saman kennitölur Strætó fyrir janúar-júní árin 2020-2024:

	2020_06	2021_06	2022_06	2023_06	2024_6
Eiginfjárhlutfall	43,4%	32,9%	7,0%	-4,2%	-6,3%
Veltufjárhlutfall	1,0	0,7	0,8	0,7	0,6
Langtímaskuldir/eigið fé	0,7	1,0	6,8	-12,5	-9,2
Heildarskuldir/rekstrartekjur	24,5%	25,8%	37,3%	30,9%	25,4%
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	-1,7%	-2,5%	-9,0%	1,0%	5,8%
Framlegð(EBITDA)/rekstrartekjur	-1,3%	-2,2%	-8,4%	1,7%	6,5%

Kennitölur félagsins hafa versnað undanfarin ár vegna heimsfaraldurs, aukinna verðbólgu og olíuverðs- og launahækkana lýsir erfiðri stöðu félagsins. Eiginfjárhlutfall sýnir fjárhagslegan styrk eða tappol félags. Eiginfjárhlutfall var -6,3% í lok 30.6 2024 en var 46,8% í árslok 2019. Veltufjárhlutfallið er komið niður í 0,6 var 1,2 árið 2019 en æskilegt lágmark er 1.

Áhættustjórnun

Strætó stendur frammi fyrir ýmis konar áhættum sem tengjast starfseminni og stafa af daglegum rekstri. Áhættustýring felst í greiningu, mælingu og aðgerðum til að takmarka áhættu og stöðugri vöktun áhættuþátta.

Helstu áhættuþættir félagsins eru lausafjár- og markaðsáhætta. Fargjaldatekjur drógust verulega saman á tímum heimsfaraldurs á meðan þjónustustig var ekki skert. Kostnaður var hinn sami að viðbætti hækkun verðbólgu, olíuverðs- og launahækkana, ásamt því að lítið sem ekkert var fjárfest í vögnum á þessu tímabili, en meðalaldur vagna er of hár. Eftir að öllum takmörkunum var aflétt í febrúar 2022 hafa bæði tekjur og innstig aukist. Fjárfesting í vögnum hefur verið undir endurnýjunaráætlun undanfarin ár sem hefur haft þau áhrif að viðhalds- og rekstrarkostnaður hefur aukist. Rekstrarfé frá eigendum og viðskiptavinum hefur ekki nægt til að fjármagna endurnýjun vagna þrátt fyrir aukið fé frá eigendum síðustu ár. Skuldsetning félagsins í hlutfalli við eigið fé hefur aukist og óráðstafað eigið fé félagsins hefur dregist verulega saman þannig að í lok tímabils er það neikvætt.

Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Farþegar tímabilsins náum 6,5 milljónum og hafa aldrei verið fleiri og jukust um 2% m.v. sama tímabil í fyrra.
- Vegna uppgjors reglna um byggðarsamlög og sameignarfélög er einungis ábyrgðarhlutfall borgarinnar tekið inn í samantekinn ársreikning Reykjavíkurborgar. Meðfylgjandi tafla sýnir hlut borgarinnar í rekstri Strætó miðað við ábyrgðarhlutföll sem voru 56,577% árið 2024 en 56,552% árið 2023:

Hluter Reykjavíkur í rekstri Strætó bs. (m.kr.)	Raun 2024_06	Raun 2022_06	Breyting	%
Rekstrartekjur	3.302	3.009	293	10%
Rekstrargjöld	-3.089	-2.958	-130	4%
EBITDA	213	50	163	325%
EBIT	149	-28	178	-625%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	-43	-52	9	-18%
Rekstrarniðurstaða	107	-81	188	-232%

Ábendingar Fjármála- og áhættustýringarsviðs:

- Strætó er í miklum rekstrarvanda þrátt fyrir viðbótarframlög sveitarfélaganna inn í reksturinn á síðustu tveimur árum og er eigið fé þess uppuríð. Fyrir liggur samkomulag ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um sameiginlegan rekstur almenningsgangna sem á að hefjast eigi síðar en 1. janúar 2025.
- Kennitölur fyrirtækisins endurspeglu bága stöðu Strætó. Veltufjárhlutfall er 0,63 en æskilegt lágmark er 1. Kennitalan lýsir hæfni til að inna af hendi nauðsynlegar greiðslur á árinu og er því getan skert án aðgerða. Þá er eiginfjárhlutfall neikvætt.

Viðauki: Nánar um B-hluta fyrirtæki

Fyrirtæki í B-hluta eru afar mismunandi hvað varðar þjónustuhlutverk, rekstrarform, rekstrarumfang og fjárhagslega stöðu og styrk. Í meðfylgjandi greinargerð um B-hluta fyrirtækin er reynt í stuttu máli að varpa ljósi á rekstur, afkomu og fjárhagslega stöðu.

Félagsbústaðir er hlutafélag í 100% eigu Reykjavíkurborgar sem var stofnað 8. apríl 1997 um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis sem félagslegs úrræðis á ábyrgð eigandans. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Fyrirtækið gerir ársreikning sinn á grundvelli gangverðs eigna enda er fyrirtækið á skuldabréfamarkaði í kauphöll. Í lok júní árslok 2024 áttu Félagsbústaðir 3.112 íbúðareiningar. Þar af voru 71% almennar leiguíbúðir víðs vegar um borgina, 12% þjónustuíbúðir fyrir aldraða, 15% íbúðir í sértækum búsetuúrræðum fyrir fatlaða einstaklinga og 2% íbúðareiningar fyrir heimilislausa og 1% húsnæði utan kjarnastarfsemi.

Fyrirtækið **Faxaflóahafnir sf.** er rekið sem sameignarfélag Reykjavíkurborgar, Akraneskaupstaðar, Hvalfjarðarsveitar, Skorradalshrepps og Borgarfjarðarsveitar og er eignarhlutur borgarsjóðs 75,5551%. Í þessu rekstrarformi felst að eigendur bera sameiginlega ábyrgð á rekstrinum. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Fyrirtækið á og rekur fjórar hafnir, Reykjavíkurhöfn, Grundartangahöfn, Akraneshöfn og Borgarneshöfn.

Jafnlaunastofa sf. er samvinnufélag í 50% eigu Reykjavíkurborgar á móti Sambandi íslenskar sveitarfélaga, stofnað í nóvember 2021. Helsta hlutverk fyrirtækisins er að veita sveitarfélögum stuðning í jafnlaunamálum meðal annars með fræðslu og ráðgjöf, ásamt stuðningi við þróun greiningar- og matstækja sem stuðla að launajafnrétti og stuðla að gagnsæi launaákvæðana. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn.

Malbikunarstöðin Höfði hf. er 99% í eigu Borgarsjóðs Reykjavíkur og 1% í eigu Aflvaka hf. en við stofnun fyrirtækisins á árinu 1996 sameinuðust tvö borgarfyrirtæki, Malbikunarstöð Reykjavíkurborgar og Grjótnám Reykjavíkurborgar, í eitt hlutafélag. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Fyrirtækið gerir ársreikning sinn samkvæmt lögum um ársreikninga. Malbiksmarkaður er að mestu í höndum þriggja fyrirtækja; Höfða, Malbikstöðvarinnar og Hlaðbæjar Colas sem er í erlendri eigu.

Orkuveita Reykjavíkur er sjálfstætt þjónustufyrirtæki. Við stofnun þess árið 1999 samanstóð fyrirtækið af Rafmagnsveitu Reykjavíkur, Hitaveitu Reykjavíkur, Vatnsveitu Reykjavíkur, Akranesveitu, Andakílsárvirkjun og Hitaveitu Borgarness. Starfssvæði Orkuveitu Reykjavíkur hefur stækkað umtalsvert og þjónustusvæðið nær nú til suður- og vesturlands auk höfuðborgarsvæðisins. Orkuveita Reykjavíkur sem er langstærsta fyrirtækið í B-hluta borgarinnar og stórfyrirtæki á landsvísi, er rekið sem sameignarfyrirtæki samkvæmt sérstökum lögum. Eigendur auk borgarinnar sem á 93,539% hlut eru Akraneskaupstaður og Borgarbyggð. Reikningsskilaaðferðir samkvæmt alþjóðlegum stöðlum (IFRS) voru teknar upp við gerð ársreiknings 2007.

Dótturfyrirtæki í samstæðu Orkuveitunnar eru:

Dótturfélög í samstæðunni	Meginstarfsemi
Ljósleiðarinn ehf.	Gagnaflutningar
OR Eignir ehf.	Eignarhaldsfélag
Veitur ehf.	Uppbygging og rekstur veitukerfa
Orka náttúrunnar ehf.	Vinnsla og sala rafmagns
ON Power ehf.	Vinnsla og sala rafmagns
OR - vatns- og fráveita sf.	Vatns- og fráveitustarfsemi
Eignarhaldsfélagið Carbfix ehf.	Ráðgjöf, rannsóknir og nýsköpun
Carbfix hf.	Ráðgjöf, rannsóknir og nýsköpun
Coda Terminal hf.	Uppbygging og rekstur á móttöku- og förgunarstöð fyrir koldíoxíð.

Íþrótt- og sýningarhöllin hf. er sjálfstætt fyrirtæki í 50% eigu borgarinnar og að jafnstórum hlut í eigu Samtaka iðnaðarins. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Fyrirtækið gerir upp ársreikning sinn samkvæmt lögum um ársreikninga.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs er byggðasamlag sem sinnir slökkvistarfi, sjúkraflutningum, forvörnum, almannavörnum og öðrum verkefnum sem stjórn SHS ákveður hverju sinni og varða velferð íbúa, enda falli þau að tilgangi SHS og séu ekki falin öðrum til úrlausnar í lögum. Stofnendur og eigendur SHS eru sex sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Hafnarfjarðarbær, Garðabær, Mosfellsbær og Seltjarnarneskaupstaður. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs er í 60,8% eigu borgarsjóðs. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn.

SORPA bs er 58,3% í eigu Reykjavíkurborgar sem á það með nágrannasveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. SORPA annast urðun og meðferð sorps og rekur endurvinnslustöðvar.

Strætó bs er byggðasamlag í eigu Reykjavíkurborgar og nokkurra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Eignarhlutur borgarsjóðs er 60,3%. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn og annast almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu.

Aflvaki er hlutafélag í 95,7% eigu Reykjavíkurborgar og fyrirtækja í samstæðu hennar. Fyrirtækið er eignarhaldsfélag og var ekki með daglegan rekstur á tímabilinu janúar til júní 2024.

Þjóðarleikvangur ehf er hlutafélag í 50% eigu Reykjavíkurborgar á mótum ríki og KSÍ, stofnað 12. júní 2019. Tilgangur þess er að undirbúa byggingu þjóðarleikvangs í Laugardal. Félagið stendur fyrir þarfagreiningu og verkefnaskipulagi við undirbúning og framkvæmd verkefnisins. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn.